


Reykjavík 10. janúar 2006

Með bréfi, dags. 22. nóvember 2005, óskaði félagsmálanefnd Alþingis eftir umsögn fjölskylduráðs um tillögu til þingsályktunar um lífeyrisréttindi hjóna, þskj. 33 — 33. mál. Með tölvubréfi ritara félagsmálanefndar, dags. 12. desember sama ár, var ráðinu veittur frestur fram í janúar 2006.

Fjölskylduráð fagnar framkominni tillögu til þingsályktunar um að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd er kanni hvort rétt sé að tryggja með lögum rétt hjóna til hlutdeildar í lífeyrisrétti maka við skilnað. *Fjölskylduráð telur eðlilegt að málið sé skoðað gaumgæfilega.*

Í umræðu um rétt hjóna til hlutdeildar í lífeyrisrétti maka við skilnað telur fjölskylduráð rétt að benda á jafna ábyrgð hjóna á börnum sínum. Þegar annað hjóna tekur á sig fjölskylduábyrgð með því að starfa ekki á vinnumarkaði má ætla að slík verkskipting eigi að ríkja á milli þeirra. Má ætla að slík verkaskipting komi ekki einungis til góða fyrir börn og heimili heldur einnig þeim aðila er starfar utan heimilis er hvetur kannski enn meira til verðmætusöfnunar í lífeyrissjóði viðkomandi.

Fyrir hönd fjölskylduráðs

Björg Kjartansdóttir, starfsmaður ráðsins

Alþingi
Erindi nr. P 132/481
komudagur 8.12.2005



Jafnréttisstofa

Alþingi
Félagsmálanefnd
150 Reykjavík

Akureyri 6. desember 2005


Efni: Umsögn Jafnréttisstofu um þingsályktunartillögu um lífeyrisréttindi hjóna, 33. mál.


Með bréfi dags. 22. nóv. 2005 (móttæknu 28. nóv.), óskaði félagsmálanefnd eftir umsögn Jafnréttisstofu um þingsályktunina. Eftirfarandi er umsögn stofnunarinnar:

Markmið laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 er að viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Starfsfólk Jafnréttisstofu telur því mikilvægt að jafnrétti sé tryggt á þessu sviði. Enn er málum þannig háttað að konur sinna í mun meira mæli ólaunaðri vinnu en karlar, t.d. sinna þær ýmsum umönnunarstörfum á heimilum. Kynbundinn launamunur er töluverður á Íslandi og launamunur kynjanna meiri en í flestum nágrannalöndum okkar. Ein helsta ástæðan þess er að konur bera mun meiri fjölskylduábyrgð en karlar. Afleiðing þessa er að konur öðlast mun takmarkaðri lífeyrisréttindi en karlar og gjalda þess því á elliárunum að hafa sinnt verðmætum störfum án þess að þiggja laun fyrir. Þá er einnig rétt að benda á að þetta kemur illa niður á þeim körlum sem lifa maka sinn, þ.e. þeir fá að öllum líkindum minni bætur en hefði maki þeirra skapað sér full lífeyrisréttindi á starfsævinni.

Starfsfólk Jafnréttisstofu telur þetta mikla breytingu til batnaðar og vonar að tillagan nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,


Margrét María Sigurðardóttir
framkvæmdastjóri


Silja Bára Ómarsdóttir
sviðsstjóri

Alþingi
Erindi nr. P 132/302
komudagur 30.11.2003

Nefndasvið Alþingis
Selma Hafliðadóttir, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 28. nóvember 2005.

Umsögn laganefndar LMFÍ um tillögu til þingsályktunar um lífeyrisréttindi hjóna. 132. löggjafarþing 2005 – 2006. Þskj. 33 - 33. mál.

Lögmannafélag Íslands vísar til bréfs yðar, dags. 22. nóvember 2005, þar sem óskað er umsagnar um ofangreinda þingsályktunartillögu. Laganefnd félagsins hefur haft tillöguna til skoðunar. Telur nefndin að þar sem málið sé pólitísku eðlis, falli það ekki að hlutverki nefndarinnar að láta í té umsögn um það.

Virðingarfyllst,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl.,
formaður

Sýslumannafélag Íslands.

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/563
komudagur 4.1.2006


Akranes 2. 1. 2006.

Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Með bréfi dagsettu 22. nóvember sl. fór félagsmálanefnd Alþingis fram á umsögn Sýslumannafélags Íslands um tillögu til þingsályktunar um lífeyrisréttindi hjóna, 33. mál.

Stjórn félagsins hefur fjallað um efni tillögunnar og gerir ekki athugasemdir við efni hennar.

F.h. Sýslumannafélags Íslands,



Olafur P. Hauksson.